

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 21. mars 2002

um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE*(tilkynnt með númeri C(2002) 1121)***(Texti sem varðar EES)**

(2002/237/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun 97/78/EB felldi úr gildi og kom í stað tilskipunar ráðsins 90/675/EBE ⁽²⁾ en á grundvelli hennar var ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB ⁽³⁾ samín.
- 2) Eftir að snefill af vaxtarhvetjandi hormónum, sem eru lífverum ekki náttúrleg (xenobiotic), fannst í innfluttu kjöti frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku var ákvörðun 94/360/EB breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/302/EB ⁽⁴⁾ til að koma á auknu eftirliti með öllum innflutningi á nýju nautgripakjöti, þ.m.t. innmat, þó ekki vísundakjöti eða innmat úr vísundum, frá því landi.
- 3) Eftir að þessar efnaleifar fundust styrktu yfirvöld í Bandaríkjunum Norður-Ameríku áætlun sína um hormónafría nautgripi í júní 1999. Í ljósi þess að í skoðunarferð sinni til Bandaríkjanna rakst Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar

á frekari vandamál, tengd þessari áætlun, var henni frestað í júlí 1999 en hún síðan endurvakin í september 1999 í endurbættri mynd sem áætlunin um nautgripi sem ekki hafa verið meðhöndlaðir með hormónum.

- 4) Eftir að lögbær yfirvöld í Sviss greindu dietylstilbóestról (DES) í innfluttu nautgripakjöti frá Bandaríkjunum voru gerðar frekari breytingar á eftirlitsráðstöfunum hjá skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/518/EB ⁽⁵⁾, þannig að þær næðu yfir sérstaka prófun á stilbenum.
- 5) Í ljósi þess hve niðurstöður úr prófunaráætluninni reyndust hagstæðar var tíðni eftirlits með nýju kjöti frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku lækkuð í september 2000 með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/583/EB ⁽⁶⁾ úr eftirliti með öllum vörusendingum í eftirlit með 20% vörusendinga og jafnframt felld niður sú skylda, sem hvíldi á aðildarríkjunum, að einungis mætti leyfa innflutning vörusendinga inn á yfirráðasvæði þeirra ef niðurstöður rannsókna og greininga væru hagstæðar.
- 6) Þessi ákvörðun var fyrsta skref í þá átt að afnema smám saman með öllu þá skyldu að gera prófun á hverri afurðasendingu, sem valin hefur verið til eftirlits með ástandi, með tilliti til hormóna og átti að endurskoða ákvörðunina á grundvelli væntanlegra niðurstaðna úr prófunum í samræmi við 2. gr. ákvörðunar 1999/302/EB

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.⁽²⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1990, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB L 158, 25.6.1994, bls. 41.⁽⁴⁾ Stjtið. EB. L 117, 5.5.1999, bls. 58.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 50.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 246, 30.9.2000, bls. 67.

- 7) Eftir að tekið var upp viðbótareftirlit, sbr. ákvörðun 1999/302/EB og ákvörðun 1999/518/EB, og prófanir hafa verið gerðar samkvæmt áætlun Evrópubandagsins um viðbótarprófanir með tilliti til hormóna hefur ekki greinst eitt einasta jákvætt sýni úr nýju nautgripakjöti, þ.m.t. innmat, á tímabilinu.
- 8) Því er við hæfi að fella úr gildi kröfuna um að 20% vörusendinga af innfluttu kjöti frá Bandaríkjum Norður-Ameríku séu prófuð með tilliti til hugsanlegra hormóna og að því er varðar prófanir á rannsóknarstofu ber að meðhöndla slíkan innflutning á sama grundvelli og innflutning á kjöti frá öðrum þriðju löndum.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 94/360/EB er breytt sem hér segir:

1. gr. a sé felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. mars 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.
